

Fyrirspurn

til innviðaráðherra um leigubifreiðaaakstur.

Frá Birgi Þórarinssyni.

1. Hvaða reynsla hefur hlotist af framkvæmd nýrra laga um leigubifreiðaaakstur sem tóku gildi í apríl 2023?
2. Hversu mörg leyfi til leigubifreiðaaaksturs hafa verið gefin út frá því að lögin tóku gildi? Hver var heildarfjöldi leyfa 1. desember 2023?
3. Hafa mælanlegar breytingar orðið á leigubifreiðaaakstri og starfsumhverfi leigubifreiðastjóra frá því að lögin tóku gildi?
4. Hvernig er eftirliti með starfsskilyrðum leigubifreiðastjóra háttað?
5. Hafa lögreglu eða eftirlitsaðilum borist kvartanir vegna starfsemi leigubifreiða frá því að lögin tóku gildi? Ef svo er, hversu margar kvartanir hafa borist og hvers eðlis hafa þær verið?
6. Hversu hátt hlutfall leigubifreiðastjóra sem hlotið hafa leyfi til leigubifreiðaaaksturs frá janúar 2023 hefur staðist námskeið fyrir atvinnuleyfishafa um leigubifreiðaaakstur á ensku? Hversu hátt hlutfall hefur sótt námskeiðið á íslensku?
7. Hvaða áhrif telur ráðherra að mikil fjölgun leyfa til leigubifreiðaaaksturs geti haft á afkomu þeirra sem hafa leigubifreiðaaakstur að aðalstarfi?

Skriflegt svar óskast.